

ÚRGANGSMÁL STOFNANA GARÐABÆJAR

ÚTTEKTARSKÝRSLA



GARÐABÆR

Titill: Úrgangsmál stofnana Garðabæjar - Úttektarskýrsla

Úgáfa: 2.0.1

Dagsetning útgáfu: 02/09/2019

Höfundar: Guðrún Guðmundsdóttir og Karl Eðvaldsson.

Rýnir: Jón Örvar G. Jónsson

Prófarkalesari: Hermann Bjarnason

Viðskiptavinur:

Garðabær

Tengiliður: Guðbjörg Brá Gísladóttir

Netfang / E-mail: gudbjorgbra@gardabaer.is

Þessi skýrsla er upphaflega skrifuð fyrir Garðabæ. Frekari notkun eða samnýting á innihaldi þessarar skýrslu skal gert með samþykki Garðabæjar.

Upplýsingar um ráðgjafarfyrirtæki:

ReSource International ehf.

Vallakór 4, 2h.

203 KÓPAVOGUR – Iceland

Sími: +354 571 5864

www.resource.is

Fyrirtækið ReSource International ehf. ber ekki ábyrgð á notkun gagna eða upplýsinga úr þessari skýrslu í öðru samhengi eða öðrum forritum.

Efnisyfirlit

.....	0
1 Inngangur.....	4
1.1 Bakgrunnur.....	4
1.2 Markmið Garðabæjar	5
2 Úttekt á úrgagnsmálum stofnana Garðabæjar.....	5
2.1.1 Umhverfisstefnur	6
2.1.2 Helstu heildsölu- og þjónustufyrirtæki.....	6
2.1.3 Sorphirðufyrirtæki	6
2.2 Úrgangsmál stofnana.....	6
2.2.1 Akkrar leikskóli	6
2.2.2 Álftanesskóli.....	6
2.2.3 Ásgarður.....	7
2.2.4 Bæjarból.....	7
2.2.5 Bæjarskrifstofa	7
2.2.6 Garðaskóli	7
2.2.7 Hofstaðaskóli.....	8
2.2.8 Krakkakot.....	8
2.2.9 Þjónustumiðstöð	8
2.3 Sameiginlegir þættir stofnana	8
2.3.1 Leikskólar.....	9
2.3.2 Grunnskólar	9
2.3.3 Aðrar stofnanir.....	9
2.4 Samantekt - Tunnur og flokkun	9
2.5 Lokaorð.....	10
2.5.1 Skapandi lausnir	10
2.5.2 Kostir við að sameina	10
3 Heimildaskrá.....	11
Viðhengi.....	12
1 Ályktanir og ráðleggingar.....	12
1.1 Áskoranir við innleiðingu og lausnir	12
1.2 Hvað er sjálfbær innkaupastefna?	13
1.3 Flokkun og endurvinnsla	14
2 Innleiðing og eftirfylgni	14
2.1 Lýsing á famkvæmdarráðstöfunum og verklagsreglum	14

2.1.1	Grænt teymi	15
2.1.2	Innkaupa- og úrgangsgreining.....	15
2.1.3	Fræða og virkja starfsfólk.....	15
2.1.4	Eftirfylgni og endurtekning.....	15
3	Hagnýtir tenglar.....	16

1 Inngangur

1.1 Bakgrunnur

Haft var samband við ReSource International ehf (RSI) þar sem óskað var eftir því að RSI kæmi með tillögu til að aðstoða Garðabæ við að draga úr plastnotkun í rekstri bæjarins og stofnana á vegum hans. RSI áleit að verkefninu þyrfti að skipta upp í fjóra áfanga:


Áfangi nr. 1 – Gagnasöfnun og úttekt á flokkun úrgangs og plastnotkunar stofnana

Áfangi nr. 2 – Stefnumótun og leiðbeiningagerð

Áfangi nr. 3 – Innleiðing á innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar

Áfangi nr. 4 – Eftirfylgni

Heildarverkefnatími áfanganna fjögurra er eitt ár. Aftur á móti er áætluð verkefnalok fyrir áfanga 1 – 3 1. september 2019. Tveir starfsmenn hjá RSI komu að verkefninu í samræmi við þeirra sérþekkingu.



Mynd 1. Myndræn framsetning á verkefninu í heild; skýrsla, stefna og veggspjald sem allt styður við umhverfisstefnu Garðabæjar.

Verkefnið í heild sinni styður við umhverfisstefnu Garðabæjar, afraksturinn er skýrsla, stefna og veggspjald. Á mynd 1 er myndræn framsetning á verkefninu. Fyrsta skýrslan er úttektarskýrsla á innkaupum og úrgangsmálum stofnana Garðabæjar ásamt meðmælum og ráðleggingum frá RSI um hvernig má innleiða stefnu með góðum árangri. Innkaupa- og úrgangsstefna Garðabæjar mun innihalda skýr og hnitmiðuð fyrirmæli, lágmarkskröfur og markmið. Til þess að styðja við markmið verkefnisins verður stefnan og skýrslan birt með

myndrænni framsetningu á veggspjaldi. Stefna og markmið Garðabæjar verða kynnt þar með skiljanlegum leiðbeiningum sem minnir starfsfólk og notendur stofnana á mikilvægi stefnunnar og aðgerðanna sem henni fylgja.

1.2 Markmið Garðabæjar

Markmið Garðabæjar og verkefnisins í heild:

- Flokkun sorps verði augin og dregið verði úr sorpmagni.
- Draga sem mest úr plastmengun í rekstri sveitafélagsins og stofnana á vegum þess.
- Móta græna innkaupa stefnu.
- Samræma flokkun á vinnustöðum.
- Fræða og virkja starfsfólk.

Markmið úttektarskýrslunnar er því að gera samantekt og yfirlit yfir úrgagnsflokkun stofnana Garðabæjar með áherslu á plastnotkun og helstu plastinnkaup.

2 Úttekt á úrgagnsmálum stofnana Garðabæjar

Stofnanir Garðabæjar voru heimsóttar á tímabilinu febrúar til mars 2019. Heimsóknirnar fólust í því að greina úrgangsmeðhöndlun og plastinnkaup hverrar stofnunnar þar sem áhersla var lögð á innkaup á plasti, vöru innkaup, endurnýtingu, flokkun og meðhöndlun úrgangs.

Spurningalistinn var eftirfarandi:

- Hver er helsta plastnotkunin?
- Hvaða flokkun á sorpi er til staðar?
- Hver er fjöldi sorpstöðva á stofnun og staðsetning þeirra?
- Hver er umsjónaraðili sorphirðu?
- Er gildur samningur um sorphirðu?
- Hvar má nálgast tölulegar upplýsingar um sorpmagn og tíðni?
- Er umhverfisstefna í gildi?
- Hvernig gengur sú stefna og hvernig er henni framfylgt?

Valdar voru níu stofnanir til að ná yfir mismunandi gerðir af stofnunum Garðabæjar. Af níu stofnunum voru þrír leikskólar, þrír grunnskólar, ein íþróttamiðstöð, ein bæjarskrifstofa og ein þjónustumiðstöð. Þessar stofnanir voru valdar til þess að fá breitt úrtak stofnana, en einnig til þess að hægt væri að sjá samræmi milli sambærilegra stofnana. Stofnanirnar voru: Akkrar leikskóli, Álfstanesskóli, Ásgarður íþróttahús, Bæjarból, Bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðaskóli, Hofstaðaskóli, Krakkakot og Þjónustumiðstöð Garðabæjar.

Úttektin nefnir flokkunartunnur eftir litum og styðst við litakerfi sorphirðslutunna SORPU bs. Þannig er grá tunna fyrir almennt sorp, blá tunna fyrir pappír og bylgjupappa og græn tunna fyrir plast. Þar að auki er lífræn tunna en hún er ætluð lífrænum úrgangi til moltugerðar.

2.1.1 Umhverfisstefnur

Einnig er vert að nefna umhverfisstefnu Grænfána (einnig kallað “á grænni grein”) sem er ætlað fyrir leik- og grunnskóla. Á grænni grein er alþjóðlegt verkefni þar sem skólarnir fylgja sjö skrefa ferli til að efla vitund nemenda og kennara skóla um umhverfismál. Ef tiltekinn skóli nær markmiðum sem lagt er upp með fær hann viðurkenningu til tveggja ára sem má endurnýja ef skólinn heldur áfram góðu starfi (sjá nánar um verkefnið á www.graenfaninn.landvernd.is).

2.1.2 Helstu heildsölu- og þjónustufyrirtæki

Eftirfarandi er upptalning af heildsölum matvæla og rekstrarvara sem sérhæfa sig ýmist í sölu, dreifingu eða hvort tveggja (ath. listinn er ekki tæmandi). Helstu heildsalar matvæla sem stofnanir versla við eru; Ekran, Mata, Garri, Ísfugl, Matfugl, Ali, Kjöthúsið, Stórkaup og Costco. Helstu heildsalar rekstrarvöru sem stofnanir versla við eru; Rekstrarvörur, Rekstrarland, Fastus, Papco, Oddi, A4, Penninn, Stórkaup og Costco.

2.1.3 Sorphirðufyrirtæki

Íslenska Gámafélagið og Gámaþjónustan eru aðal þjónustufyrirtæki í sorphirðu sem eru í boði fyrir stofnanir. Þau eru með ýmsar lausnir og annað litakerfi en SORPA bs. fyrir úrgang.

2.2 Úrgangsmál stofnana

Þrír leikskólar, þrír grunnskólar, ein íþróttamiðstöð, ein bæjarskrifstofa og ein þjónustumiðstöð voru heimsótt á tímabilinu frá febrúar til mars 2019.

2.2.1 Akrar leikskóli

Akrar leikskóli var heimsóttur þann 11. mars 2019. Þar eru 96 nemendur og 26 starfsmenn. Plastpokar eru mikið notaðir fyrir blaut krakkaföt en annars er ein helsta uppspretta plasts umbúðir utan um matvæli sem keypt eru (m.a. smjör, mysingur o.fl.). Leikskólinn hefur aðgang að grárri og blárri tunnu (almennt sorp og pappír) og flokkar pappír, plast, flöskur og rafhlöður en styðst ekki við umhverfisstefnu. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Íslenska Gámafélagið.

Skapandi lausnir og fleira: Foreldrar barnanna koma með einnota kaffi plastílát að heiman og börnin nota þau fyrir málningu. Sápa er keypt í stórum umbúðum og sett í minni ílát.

2.2.2 Álftanesskóli

Álftanesskóli er grunnskóli sem var heimsóttur þann 9. mars 2019. Þar eru 402 nemendur og 60-80 starfsmenn. Plastpokar eru notaðir í ruslafötur og umbúðir undan matvælum. Grunnskólinn hefur aðgang að grárri, blárri, grænni og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír, plast og lífrænt) og flokkar pappír, plast, lífrænan úrgang, flöskur, málma, gler og rafhlöður og styðst við umhverfisstefnu Grænfána. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Gámaþjónustan.

Skapandi lausnir og fleira: Hluti af skólastarfinu felst í að virkja krakkana í að endurnýta hráefni í gegnum skapandi greinar og krakkarnir fara vikulega milli skólstofa til að taka til og flokka. Pappír er nýttur við föndur, plastílátin nýtt þegar unnt er og sápur koma á stærri brúsum og fyllt á minni ílát.

2.2.3 Ásgarður

Íþróttahúsið Ásgarður var heimsótt 2. febrúar 2019. Þar eru 18 starfsmenn og þar er tekið á móti íþróttaiðkendum, þjálfurum, sundlaugagestum, nemendum Garðaskóla og Flataskóla og kennurum þeirra. Plastpokar eru notaðir í ruslafötur og undir skó fyrir þá sem það vilja. Hádegisverðir starfsmanna koma ýmist í margnota hitabökkum, áli eða í frauðplasti. Óskilafatnaður er þvegin, flokkaður og loks settur í Rauðakrossgám ef eigandi finnst ekki að 6 mánuðum liðnum. Íþróttahúsið hefur aðgang að grárri og blárri tunnu (almennt sorp og pappír) og flokkar pappír, flöskur og rafhlöður en styðst ekki við umhverfisstefnu. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Gámaþjónustan.

Skapandi lausnir og fleira: Hreinsiefni og baðsápa íþróttahússins koma í 200 l umbúðum sem þjónustufyrirtæki tekur aftur til baka og endurnotar.

2.2.4 Bæjarból

Leikskólinn Bæjarból var heimsóttur þann 19. mars 2019. Þar eru 24 starfsmenn og 93 börn. Plast fellur til vegna matvælaumbúða (kjöt, mjólkurvörur og grænmetisbakkar) og rekstrarvara (sápur, hreinsiefni ofl.). Leikskólinn hefur aðgang að grárri, blárri, grænni og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír, plast og lífrænt) og flokkar pappír, plast, lífrænan úrgang, flöskur, málma og rafhlöður og styðst við umhverfisstefnu Grænfána. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Gámaþjónustan (á vegum Garðabæjar).

Skapandi lausnir og fleira: Virk endurnýting á hráefnum í gegnum skapandi greinar er hluti af leiksskólastarfinu. Pappír er nýttur við föndur, plastílátin nýtt þegar unnt er.

2.2.5 Bæjarskrifstofa

Bæjarskrifstofan var heimsótt þann 28. mars 2019 en þar eru 55 starfsmenn. Plastpokar eru notaðir í ruslafötur, plast kemur undan umbúðum matvæla og rekstrarvara. Skrifstofan hefur aðgang að grárri, blárri og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír og lífrænt) og flokkar pappír, plast og málma saman og húsfélagið styðst við umhverfisstefnu. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Íslenska Gámafélagið.

2.2.6 Garðaskóli

Garðaskóli var heimsóttur þann 14. mars 2019. Þar eru 530 nemendur og 70 starfsmenn. Plastpokar eru notaðir í ruslafötur, innkaupapokar úr plasti við matarinnkaup, keypt er inn í litlum einingum og plastumbúðir eru utan um matvæli. Grunnskólinn hefur aðgang að grárri, blárri, grænni og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír, plast og lífrænt) og flokkar pappír, plast, lífrænan úrgang, flöskur, málma, gler, spilliefni og rafhlöður (þó í takmörkuðu magni þar sem málmar og gler eru settir með spilliefnum). Grunnskólinn styðst ekki við umhverfisstefnu og nemendur hafa ekki verið virkjaðir í flokkun (aðeins tvær flokkunarstöðvar fyrir nemendur). Umsjónaraðili sorphirðunnar er Gámaþjónustan, en Íslenska Gámafélagið sér um spilliefni.

Skapandi lausnir og fleira: Myndmennt flokkar og endurnotar leir og þróunarverkefni var komið á fót sem er kallað „precious plastic“. Þróunarverkefnið felur í sér að mylja úrgangsplast til að búa til efni í þrívíddarprentara. Þó hefur ekki tekist að nota efnið í þrívíddarprentarann enn sem komið er. Þegar prentarinn er komin í lag verður hann nýttur í listsköpun og við gerð annarra smáhluta sem nýtist starfi skólans.

2.2.7 Hofsstaðaskóli

Hofsstaðaskóli var heimsóttur þann 25. mars 2019. Þar eru 576 nemendur og 90 starfsmenn. Plast kemur frá rekstrarvörum og matvælum. Grunnskólinn hefur aðgang að grárri, blárri, grænni og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír, plast og lífrænt) og flokkar pappír, plast, lífrænan úrgang, flöskur, málma, gler og batterí og styðst við umhverfisstefnu Grænánans. Flokkun og söfnun lífræns úrgangs, plasts og pappírs eru í öllum stofum og matsal. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Íslenska Gámafélagið.

Skapandi lausnir og fleira: Flokkunarílát eru vel merkt, nemendur koma með margnota umbúðir, ljósaseríum að heiman er breytt í lampa, tættur pappír og spítubútar notaðir í list og föndur.

2.2.8 Krakkakot

Leiksskólinn Krakkakot var heimsóttur þann 20. febrúar 2019. Þar eru 104 nemendur og 32 starfsmenn. Svartir ruslapokar eru notaðir fyrir almennt sorp, brauð sett í plastpoka, plöstunarlífa notuð fyrir námsgögn og plast er utan um matvæli (þó í litlu magni). Leiksskólinn hefur aðgang að grárri, blárri, grænni og lífrænni tunnu (almennt sorp, pappír, plast og lífrænt) og flokkar pappír, bylgjupappa, plast, lífrænan úrgang, flöskur, málma, gler og rafhlöður og styðst við umhverfisstefnu Grænánans. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Gámapjónustan í gegnum samning við Garðabæ.

Skapandi lausnir og fleira: Allt plast sem má nota sem ruslapoka er notað (t.d. pokar undan morgunkorn og bleyjum). Leiksskólinn leggur sig fram um að nýta allan úrgang svo sem morgunkornspakka, dósir undan skyri og skeljar af hnetum í allskonar list og föndur.

2.2.9 Þjónustumiðstöð

Þjónustumiðstöð (áhalDAHÚS) var heimsótt þann 26. febrúar 2019. Þar starfa 30 manns. Undir verkvið þjónustumiðstöðvarinnar fellur m.a. umsjón með sorphirðu, snjómokstur og minniháttar gatnaframkvæmdir. Þjónustumiðstöðin safnar plasti sem fýkur af byggingarsvæðum í plastpoka. Plastpokar eru einnig notaðir í tunnur innandyr. ÁhalDAHÚSið hefur aðgang að grárri og blárri tunnu (almennt sorp og pappír) og flokkar pappír, flöskur, málma, rafhlöður og timbur. Þjónustumiðstöðin styðst við umhverfisstefnu Garðabæjar. Umsjónaraðili sorphirðunnar er Íslenska Gámafélagið.

2.3 Sameiginlegir þættir stofnana

Allar stofnanir eiga það sameiginlegt að helsta uppspretta plasts eru umbúðir utan af matvælum, rekstrarvörum og plastpokar sem eru notaðir í sorptunnur. Margar stofnanir eru með mótuneyti sem kaupa vörur af ákveðnum þjónustuaðilum. Rekstrarvörur eru oftast ekki pantaðar inn af nokkrum aðilum innan hvernar stofnunar. Margar vörur sem keyptar eru inn eru svipaðar og þannig mætti setja upp leiðbeiningar um hvernig best sé að velja vörur við innkaup (móta græna innkaupastefnu) sem gæti hentað hverri stofnun fyrir sig. Nokkrar stofnanir hafa þegar gert ráðstafanir til þess að draga úr plasti í innkaupum sínum og sýna mikinn metnað í endurvinnslu plastúrgangs sem má taka til fyrirmyndar og efla enn frekar, má þar helst nefna stofnanir sem eru með gilda umhverfisstefnu.

2.3.1 Leikskólar

Starfsemi og innkaup eru áþekkt meðal leikskóla. Bleyjur, blautpurkur, sápur, vaxlitir, trélitir, málning, blöð, snagar, kollar, plástrar, ílát sem þola hnjask og blaut fót eru dæmi um vörur sem eru iðulega notaðar á leikskólum.

2.3.2 Grunnskólar

Starfsemi og innkaup eru áþekkt meðal grunnskóla. Ritföng, tússpennar (krítar), borð, stólar, hreinsiefni, sápur, hillur og kennslubækur eru dæmi um vörur sem eru iðulega notaðar í grunnskólum.


2.3.3 Aðrar stofnanir

Ljóst varð að stofnanir sem ekki voru skólar voru með lakasta flokkunarkerfið hvað varðar fjölda úrgangsflokka sem flokkaðir eru. Tvær stofnanana flokka ekki lífrænan úrgang, tvær þeirra flokka hvorki plast né gler og ein flokkar ekki flöskur.

2.4 Samantekt - Tunnur og flokkun


Þegar litið er yfir þessar níu stofnanirnar sést að margar þeirra er svipað ásett um og eru komnar mislangt í átt að skilvirkri úrgangsmeðhöndlun. Af þeim níu stofnunum sem voru heimsóttar voru fjórar þeirra með virka umhverfisstefnu. Einnig var ljóst að þær stofnanir sem fylgja umhverfisstefnu eru meðvitaðri og virkari í flokkun og endurnýtingu.

Á mynd 2 er litið á aðgengi að tunnum við hverja stofnun, sem umsjónaraðili sorphirðunar veitir fulla þjónustu að.



Mynd 2. Tunnur níu stofnana Garðabæjar, RSI 2019. Grá tunna er fyrir almennt sorp, blá tunna fyrir pappír og bylgjupappa, græn tunna fyrir plast og lífræn tunna er fyrir lífrænan úrgang.

Allar níu stofnanirnar hafa aðgang að blárri tunnu, 67% aðgang að lífrænni tunnu og 56% aðgang að grænni tunnu. Auk þess voru flestar stofnanir að flokka í fleiri flokka sem þau fara sjálf með í grenndargáma eða endurvinnslustöðvar SORPU bs. (sjá mynd 3).



Mynd 3. Flokkun úrgangs í níu stofnunum Garðabæjar, RSI 2019

Allar stofnanirnar flokka pappír, u.þ.b. 90% flokka flöskur, málma og rafhlöður, 78% flokka plast og 56% flokka lífrænan úrgang og gler. Af þeim fjórum stofnunum sem fylgja umhverfisstefnu eru allir með öflugt og skilvirkt flokkunarkerfi þar sem starfsfólk og nemendur hjálpað. Einnig varð ljóst að af þeim stofnunum sem flokka lífrænan úrgang og gler eru allir með umhverfisstefnu nema Garðaskóli. Reyndar er Garðaskóli ekki með eins skilvirka flokkun og þeir skólar sem fylgja umhverfisstefnu.

2.5 Lokaorð

Starfsemi og innkaup meðal stofnana af sömu gerð eru áþekk að sumu leyti og þannig má nýta þekkingu milli stofnana til þess að efla flokkun og skapandi lausnir við úrgangsmeðhöndlun.

Krakkakot, Bæjarból, Álftanesskóli og Hofsstaðaskóli báru af hvað varðar endurnýtingu og endurnotkun, efni voru nýtt með skapandi lausnum til listastarfs og daglegra verka. Einnig eru flokkunartunnur innandyrar vel merktar og vel staðsettar. Starfsfólk og nemendur á þessum stofnunum taka þátt í grænfána verkefninu og hefur sú þátttaka klárlega haft jákvæð áhrif. Íþróttahúsið Ásgarður endurnýtir vel umbúðir utan af hreinsiefnum og hreinlætisvörum þar sem þjónustufyrirtækið sem Ásgarður er í viðskiptum við tekur til baka umbúðir og ílát til endurnotkunar.

2.5.1 Skapandi lausnir

Flestar stofnanir Garðabæjar höfðu ýmsar skapandi lausnir við endurnýtingu umbúða og annars úrgangs. RSI leggur til að auka samskipti milli stofnana til þess að styrkja skapandi endurnýtingar lausnir og verðlauna fyrir góðar hugmyndir.

2.5.2 Kostir við að sameina

Með því að sameina flokkunarkerfi og auka samskipti milli stofnana hvað varðar umhverfismál væri hægt að nota bestu lausnir frá hverri stofnun fyrir sig og miðla þessum lausnum á milli stofnananna. Með sameiningu og auknum samskiptum má þannig koma á fót lifandi og sjálf endurnýjandi úrgangsmeðhöndlunar kerfi.

3 Heimildaskrá

European Commission. 2008. Directive 2008/98/EC on waste (Waste Framework Directive). Publications Office of the European Union

European Commission. 2008-2018. EU GPP criteria. Sótt þann 26. júní 2019 af: http://ec.europa.eu/environment/gpp/eu_gpp_criteria_en.htm

European Commission. 2012. GPP Green Public Procurement, A collection of good practices. Luxembourg: Publications Office of the European Union, 2012.

Clement S., Watt J. and Semple A. 2016. The Procura+ Manual. A Guide to Implementing Sustainable Procurement. ICLEI – Local Governments for Sustainability, European Secretariat GmbH, Freiburg Germany.

Vistvæn innkaup. 2019. Að koma á vistvænum innkaupum. Innkaupagreining. Sótt þann 26.07.2019 af: <http://www.vinn.is>

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. 2013. Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Úrgangsstjórnun til framtíðar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Viðhengi

1 Ályktanir og ráðleggingar

Gerð hefur verið úttekt á úrgangsmeðhöndlun og flokkun stofnana Garðabæjar. Í framhaldinu skulu lagðar fram ráðleggingar til þess að ná megin markmiðum Garðabæjar sem lagt var upp með. Eftirfarandi eru dæmi um hvað hægt er að gera:

- Hvernig er best að auka flokkun og draga úr sorpmagni:
 - Draga úr innkaupum, endurnota, samræma flokkun, bæta aðgengi og merkingar á flokkunartunnum, fræða og virkja starfsfólk.
- Hvernig er best að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum þess:
 - Banna einnota plast og kaupa umbúðir sem eru ekki úr plasti, umbúðir sem þarf að kaupa úr plasti má kaupa í stærri einingum og endurnýta eins og hægt er.
- Hvernig má móta græna innkaupa stefnu:
 - Búa til flæðirit fyrir innkaup og gera lista yfir helstu heildsölu og þjónustufyrirtæki sem bjóða upp á umhverfissvottaðar og snjallar umbúðalausnir.
- Samræma flokkun á vinnustöðum:
 - Stofna grænt teymi í hverri stofnun sem hefur skýr fyrirmæli, markmið og hvatningu. Einnig má boða til fundar á hálfárs fresti sem hvetur áframhaldandi bætingu í innkaupa- og úrgangsmálum og yrði á sama tíma vettvangur fyrir nýjar hugmyndir um skapandi lausnir.
- Fræða og virkja starfsfólk:
 - Setja upp sýnilegar og myndrænar skýringar með skýr fyrirmæli og markmið sem leiða til minni úrgangs, betri endurnýtingu og umhverfissvæn innkaup. Nýta græna teymið til að fræða og virkja starfsfólk til þess að temja sér betri venjur í átt að markmiðunum.

1.1 Áskoranir við innleiðingu og lausnir

Þótt ávinningur sjálfbærra innkaupa sé skýr og víða viðurkennt eru nokkrar áskoranir sem þarf að tækla. Hér verða listaðar áskoranir sem komið hafa upp á yfirborðið við innleiðingu grænna innkaupa samkvæmt Clement S. et al. 2016:

Skortur á skilningi hvað varðar ávinning sjálfbærra innkaupa

Opinber innkaup eru undir miklum þrýstingi um að draga úr kostnaði og mæta kröfum notenda og almennings. Ef lítill stuðningur eða fjármagn eru í boði fyrir sjálfbæra þróun opinberra stofnana geta breytingarnar auðveldlega dottið af dagskrá.

Lausn: Auka má stuðning við sjálfbæra þróun með stofnun grænna teyma þar sem þeim er gefinn vettvangur til að koma saman og deila reynslu sinni af hvaða starfsvenjur hafa virkað best.

Skortur á skýrum skilgreiningum

Margir atvinnuinnkauparáðgjafar berjast ennþá við að skilgreina hvað umhverfisvæn- og/eða félagslega æskileg vara eða þjónusta er.

Lausn: Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (European Commission, 2008-2018) hefur unnið að viðmiðunum fyrir græn innkaup fyrir 21 vöruflokk sem þjónustufyrirtækjum er heimilt að nota. Einnig nota mörg alþjóðlega viðurkennd félagsleg- og umhverfisvottanakerfi til viðmiðunar.

Breyta hugsanagangi um að velja ódýrustu vöru

Lykiláskorun er að breyta skynjun kaupenda um raunverulegan kostnað og verðmæti kaupa. Þar að auki eru mörg fyrirtæki að vinna með árlegar fjárveitingar sem hvetja ekki til langtímasparnaðar þar sem kaupverð er metið á líftímakostnað.

Lausn: Upplýsingar veittar um fjárhagslegan ávinning af því að nýta líftímakostnað. Mörg rannsóknartilfelli um slíkan fjárhagslegan ávinning eru einmitt verkefni þar sem grænar innkaupastefnur hafa verið innleiddar. Slíkar rannsóknir má finna á vefsíðu framkvæmdarstjórn Evrópusambandsins.


Ósveigjanlegar aðferðir og/eða viðhorf

Margar stofnanir hafa innleitt grænar innkaupaaðferðir og ferli sem hafa síðan reynst ósveigjanleg í notkun. Einnig getur komið upp sú staða að starfsfólk er ónæmt fyrir breytingum, nýjum hugmyndum og nýjum birgjum.

Lausn: Aukin og nánari samskipti milli ráðgjafa grænu innkaupastefnunnar (græna teymisins) og notenda hennar (starfsfólks stofnana).

1.2 Hvað er sjálfbær innkaupastefna?

Sjálfbær innkaup þýðir að tryggja beri að vara eða þjónusta sem fyrirtæki kaupir nái virði í samræmi við kostnað á líftíma og skili hagnaði fyrir fyrirtæki sem og fyrir umhverfið, samfélagið og efnahagslífið. Sjálfbær innkaup fela þannig í sér að horft er út fyrir skammtímaþarfir og í staðinn miðað við langtímaáhrif hvers kaups. Sjálfbær innkaup henta jafnt opinberum stofnunum, einkareknum fyrirtækjum og einkaaðilum til að tryggja að innkaup endurspegli breiðari markmið. Þessi markmið eru m.a. nýting úrgangsauðlinda, draga úr loftlagsbreytingum, félagsleg ábyrgð og efnahagsleg seigla (Clement S. et al. 2016).



Umhverfisáhrif tengjast notkun orku, hráefna, hættulegra efna og stjórnun á náttúruauðlindum. Samfélagslegur ávinningur getur lýst sér í að birgjum fjölgi, sem stuðla að sanngjörnu starfsumhverfi og starfsháttum. Efnahagslegum markmiðum er náð með

innkaupum sem skapa nýja möguleika og markað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sem og skila virði kaupanna yfir líftíma vöru.

1.3 Flokkun og endurvinnsla

Stefnt er að því að auka flokkun úrgangs í Garðabæ sem helst í hendur við það að draga úr sorpmagni. Aukin flokkun dregur úr sóun auðlinda, styður við hringrásarhagkerfið, fylgir landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og styður við markmið Parísarsamkomulagsins.

Lélegt aðgengi og slakar merkingar á flokkunarílátum hefur í för með sér að innihald flokkunarílláta getur verið ónákvæm og endurvinnsluefni rati frekar í urðun. Þannig er alltaf gott að ná yfirsýn yfir gæði flokkunar með því að athuga innihald flokkunarílláta og almenns úrgangs

Þegar á að flokka skal huga að þremur þáttum - endurnotkunarmöguleika, endurvinnanleika og lífslok áður en varan er flokkuð. Megin þættir sem taka skal til greina í þessum þremur þáttum er:

Við flokkun skal athuga


- Verðleika vörunnar
- Getur varan verið nýtt á öðrum stað
- Má nota vöru aftur að fullu eða að hluta

Endurvinnanleiki

- Samsetning vörunnar
- Niðurbrotanleika
- Hagkvæmasta endurvinnsluleið

Lífslok

- Draga úr skaða eins og hægt er
- Förgun



2 Innleiðing og eftirfylgni

Þátttöku er krafist af öllum stofnunum Garðabæjar við innleiðingu þessarar stefnu. Stofnanir (skólar og leikskólar) sem þegar fylgja umhverfisstefnu, til dæmis grænfána stefnunni, geta haldið áfram að fylgja þeirri stefnu ef hún fylgir að lágmarki þeim markmiðum sem sett eru fram hér í þessu riti.

2.1 Lýsing á framkvæmdarráðstöfunum og verklagsreglum

Framkvæmdarráðstöfun og verklagsreglur stefnunnar eru lagðar fram sem leiðbeinandi fyrir stofnanir Garðabæjar til þess að auðvelda innleiðingu stefnunnar. Listuð eru 4 skref:

1. Skipuleggja innleiðingu innanhúss, grænt teymi
2. Innkaupa- og úrgangsgreining

3. Fræða innkaupafólk og annað starfsfólk
4. Eftirfylgni og endurtekning

2.1.1 Grænt teymi

Gerð er krafa um að stofnanir sem ekki fylgja umhverfisstefnu eiga að vera með grænt teymi. Grænt teymi skal samanstanda að lágmarki af tveimur manneskjum sem tryggja að farið sé eftir stefnu Garðabæjar við að draga úr sóun og öðrum umhverfisþáttum er nefnd eru í innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar. Í skólum skulu grænu teymin samanstanda af að lágmarki 2 starfsmönnum og 2 nemendum. Í skólum skulu þau koma saman einu sinni á önn og fara yfir hvernig þeim gengur, hvað hægt sé að gera betur, miðla reynslu og fara yfir skapandi lausnir fyrir endurnýtingu. Grænu teymin frá öllum stofnunum (skólar, leikskólar og aðrir) eiga að hittast sameiginlega að lágmarki einu sinni á ári.

Á fundunum skal bera saman:

- Innkaupa- og úrgangsgreiningar
- Endurnýtingarlausnir
- Aðferðir við innleiðingu innanhúss
- Hvernig fræðslu starfsfólks er háttað
- Helstu framfarir og hvað mætti betur fara

Einnig skal yfirfara stefnuna til að fylgja þeirri þróun sem á sér stað í umhverfismálum. Framkvæmdarráðstöfunum skal hagað af grænum teymum í samráði við forstjóra, húsverði og innkaupaaðila hversrar stofnunnar. Dæmi um aðgerð hjá grænu teyminum er ávallt að ganga úr skugga um að öll flokkunarílát innan stofnunarinnar séu vel merkt og aðgengileg.

2.1.2 Innkaupa- og úrgangsgreining

Greiningar eru gerðar á innkaupum og úrgangi til þess að fá yfirsýn og gagnlegar upplýsingar um stöðu innkaupa- og úrgangsmála. Greiningarnar geta síðan verið notaðar til þess að fylgjast með árangri og liggur til grundvallar að markmiðasetningu hversrar stofnunnar, t.d. fækka birgjum, draga úr almennum úrgangi og auka flokkun. Við gerð greininganna er gott að hafa í huga umfang, samninga og þátttöku (Vistvæn innkaup, 2019).

2.1.3 Fræða og virkja starfsfólk

Fræðsla er nauðsynleg til þess að ná framförum og skilvirkni verður ekki náð án góðrar þátttöku. Þegar starfsfólk er upplýst um breytingar á stefnu stofnana er mikilvægt að það sé upplýst um eftirfarandi:

- Þátttakendum og ábyrgðaraðilum stefnunnar
- Markmið stofnana með breytingunum
- Hvernig lítur góður árangur út og hvernig er hann mældur
- Lýsing á framkvæmdarráðstöfunum og verklagsreglum
- Viðeigandi framfarir og innleiðingar tímaramma

2.1.4 Eftirfylgni og endurtekning

Veggspjald minnir starfsfólk á mikilvægi aðgerða og grænna teyma í samvinnu við forstöðumenn, húsfélög, forstjóra, húsverði og innkaupaaðila hversrar stofnunnar. Eftirfylgni er náð þegar verklagsreglur eru endurteknar þar sem innkaupa- og úrgangsgreining er endurtekin, markmið endursett og starfsfólk upplýst um framfarir og markmið.

Græn teymi hverrar stofnunar eru hvött til þess að skiptast á upplýsingum um það sem vel hefur til tekist, skapandi endurnýtingarlausnir, það sem mætti betur fara og þann lærdóm sem hlotist hefur af innleiðingu stefnunnar.

3 Hagnýtir tenglar

Við gerð þessarar stefnu er notast við eftirfarandi aðferðafræði:

- Tillögur ESB um Hringrásarhagkerfið, þar sem megin markmiðið er að bæta nýtingu auðlinda
- Stefna þessi fylgir eftir áherslum Evrópusambandsins á grænum innkaupum eða „Green Public Procurement“ þar sem lögð er fram alþjóðleg leiðsögn og reglur til að stuðla að umhverfisvænum innkaupum
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013 - 2024
- Directive 2008/98/EC on waste (Waste Framework Directive)
- The Procura+ Manual. A Guide to Implementing Sustainable Procurement